

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 303, 23. maí 1995,
um úthafs-rækjuveiðar og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.

1. gr.

Við reglugerðina bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

I. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er ekki skylt að nota seiðaskilju við rækjuveiðar á svæði fyrir Vestur- og Suðvesturlandi sunnan og vestan línu, sem þannig er dregin:

- A. Frá punkti 65°00'00 N - 26°32'00 V í 270° réttvísandi.
B. Frá punkti 65°00'00 N - 26°32'00 V um eftirgreinda punkta:

- | | |
|----------------------------|---|
| 1. 64°41'00 N - 25°18'00 V | 7. 64°08'00 N - 24°58'00 V |
| 2. 65°04'00 N - 24°01'00 V | 8. 64°28'00 N - 23°54'00 V |
| 3. 64°56'00 N - 24°02'00 V | 9. 64°18'00 N - 23°44'00 V |
| 4. 64°48'00 N - 24°16'00 V | 10. 63°28'00 N - 24°34'00 V |
| 5. 64°32'00 N - 24°22'00 V | 11. 63°28'00 N - 23°00'00 V og þaðan í réttvísandi suður. |
| 6. 64°22'00 N - 24°52'00 V | |

Ákvæði þetta gildir frá 15. maí 1996 til 31. desember 1996. Heimilt er að setja sérstakar reglugerðir, sem áskilja notkun á seiðaskilju innan svæðisins.

II. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er ekki skylt að nota seiðaskilju við rækjuveiðar á svæði út af Norðvesturlandi, sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 67°14'30 N - 26°00'00 V | 4. 66°10'00 N - 28°20'00 V |
| 2. 66°30'00 N - 26°00'00 V | 5. 66°20'00 N - 27°40'00 V |
| 3. 66°10'00 N - 26°40'00 V | 6. 66°55'00 N - 27°00'00 V |

Ákvæði þetta öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1996. Heimilt er að setja sérstakar reglugerðir, sem áskilja notkun á seiðaskilju innan svæðisins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 76 um breytingu á reglugerð nr. 303, 23. maí 1995, um úthafs-rækjuveiðar og notkun seiðaskilju við úthafs-rækjuveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. apríl 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.